

Truenorth Nordic ehf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2019  
UST201909-187/H.H.  
09.06.01

## **Efni: Breyting á leyfi til kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur**

Þann 11. október 2019 veitti Umhverfisstofnun Truenorth Nordic ehf., leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi á tímabilinu október til nóvember 2019. Umhverfisstofnun var upplýst með tölvupósti þann 1. nóvember 2019 að breyta þurfi staðsetningu vinnubúða.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Óskað var eftir að setja niður vinnubúðir utan skilgreinds kvikmyndatökusvæðis sem áður var gefið leyfi fyrir. Truenorth í samstarfi við Umhverfisstofnun og starfsmann Reykjanesfólkvangs fóru um svæðið og skoðuðu möguleg svæði sem kæmu til greina. Koma þarf fyrir flutningarbílum sem koma til með að innihalda matarvagna, skrifstofur, búninga og förðun. Einnig aðstöðu fyrir bíla sem mun flytja fólk á milli svæða. Tveir staðir voru metnir, inn í Breiðdal eða við Lambahagatjörn.

### **Áhrifamat:**

Svæðið í Breiðdal er viðkæmt og er með gróðri sem mun ekki þola það álag sem vinnubúðir koma til með að setja á svæðið. Einnig er talið að vegslóðinn sem þarf að keyra muni ekki geta borið flutningabíla og erfitt verði að koma honum í fyrra horf eftir að tökum lýkur.

Umhverfisstofnun telur að staðsetning við Lambahagatjörn muni ekki rýra verndargíði svæðisins. Svæðið er ógróið og að mestu leiti sandur. Vegslóðurinn að svæðinu er notaður af veiðimönnum (á sumrin). Vegslóð þarf mögulega að hefла þar sem rör sem sett var til að dreina svæði er fyrir slóðanum.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir vinnubúðum vegna kvikmyndatöku við Lambahagatjörn sbr. lýsingu hér að ofan nóvember 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka utan vegar innan skilgreinds svæðis sem kemur fram í umsókn. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Einungis skal ekið á ógrónu svæði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en leyfið segir til um.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask með að halda sig innan tókusvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Mikilvægt er að sýna varkárni og taka tillit til umhverfisaðstæðna.
- Óheimilt er að bera efni í vegslóðana.
- Ganga skal frá vegslóða eftir að tókum ljúka og afmá hjólför.
- Svæðið við Lambhagatjörn má slóðadraga.
- Frágangur á svæðinu skal lokið fyrir 10. desember 2019

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur þegar innheimt gjald vegna umsóknar um kvikmyndatöku við Reykjanesfólkvang. Vinna við afgreiðslu á breytingum á umsókn er samtals 6 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa vinnu, á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals til viðbótar 79.200 kr. fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir  
settur forstjóri



René Biasone  
sérfræðingur